

Reglugjörð

fyrir Brunabótafjelag Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnun Brunabótafjells Íslands, er hjer með sett eftirfarandi reglugjörð fyrir fjelagið.

I. kaflí.

Almenn ákvæði.

Fjelagið sjálf og stjórn þess

1. gr.

»Brunabótafjelag Íslands«, sem hjer eftir kallast fjelagið í reglugjörð þessari, er brunavátryggingarfjelag með gagnkvæmri ábyrgð fjelagsmanna og með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 800,000 kr., sett á stofn samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvember 1915. Markmið fjelagsins er að taka að sjer ábyrgð á tjóni, sem orsakast af eldsvöða á Íslandi á húsum utan Reykjavíkur og á lausafje eftir þeim nánari reglum og með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum 3. nóvember 1915 og í reglugjörð þessari.

Fjelagi telst hver sá, er á eign vátrygða í fjelaginu.

Fjelagar ábyrgjast hver gagnvart öðrum að fjelagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, er vátrygðar eru í fjelaginu. Ábyrgðin skal ákveðin við þann hluta eignarinnar, sem vátrygður er.

Skadabóta má aðeins krefjast af fjelögum á þann hátt, að heimt sje inn aukaiðgjöld, er eigi sjeu hærri neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskirteininu.

Fjelagar eru að öllu bundnir við ákvæði reglugjörðar þessarar. Sjerhver ný lög, er gefin kunna að verða og ósamrýmanleg eru ákvæðum reglugjörðar þessarar, breyta um leið ákvæðum reglugjörðarinnar í samræmi við lögin.

2. gr.

Heimili fjelagsins og varnarþing er í Reykjavík, Fyrir kröfum á hendur fjelaginu, er aðeins aðgangur að fjelaginu sjálfu, en ekki hverjum einstökum fjelaga, og má beina slíkum kröfum að framkvæmdarstjóra fyrir fjelagsins hönd. Starfsvið fjelagsins er Ísland.

3. gr.

3

16. jan.

Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er landsstjórnin skipar. Framkvæmdarstjóri annast allar framkvæmdir fjelagsins, reikningsfærslu, daglegan rekstur. Hann tekur ákvörðun um skipun umboðsmanna og annara starfsmanna fjelagsins; með hvaða kjörum bæði þeir og önnur sú aðstoð, sem þörf er á, skuli tekin; um notkun og ávöxtun peningaforðans og höfuðstóls og vaxta varasjóðs, um lántöku innan hinnar lögákveðnu landssjóðsábyrgðar, ákvörðun aukaiðgjalda o. s. frv.

Innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal framkvæmdarstjóri senda stjórnarráðinu ársreikninginn til endurskoðunar og birtingar opinberlega; 4 vikum eftir að reikningurinn hefir verið endurskoðaður af stjórnarráðinu skal hann liggja frammi á skrifstofu fjelagsins til sýnis fyrir fjelaga.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því list látið rannsaka allan hag fjelagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Framkvæmdarstjóri skal gjöra sjer alt far um að útvega endurtryggingu með svo góðum kjörum sem unt er, að svo miklu leyti sem lög 3. nóvember 1915 ákveða eða framkvæmdarstjóri og stjórnarráðið telja nauðsynlegt og heppilegt.

Þegar ársiðgjöld fjelagsins, auk endurtryggingariðgjalda, nema meiru en 75,000 kr., skal stjórn þess breytt á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 25. grein laga 3. nóvember 1915.

4. gr.

Fjelagið greiðir allan kostnað við stjórn þess, þar á meðal laun framkvæmdarstjóra.

5. gr.

Vátryggingarátið og starfsárið telst frá 15. október til 14. október næsta ár á eftir.

Þá er ársreikningurinn er saminn skal telja óloknað skaðabætur, fyrir fram greidd iðgjöld og aðrar óloknað skuldbindingar frá því ári og flytja til næsta árs með þeirri upphæð, sem þær eru virtar eftir málavöxtum og reynslu undanfarinna ára. Fari svo að fjelagarnir verði eitthvert ár, vegna svika eða af líkum ástæðum, að sæta ábyrgð á upphæð, sem að rjettu lagi snertir eitthvert fyrra ár, má þó krefjast þess, að upphæðin verði endurgoldin af fjelögunum það ár sem upphæðin varðar, að svo miklu leyti sem ekki virðist hafa verið tekið tillit til hennar.

6. gr.

Fjelagið tekur að sjer að tryggja gegn tjóni af eldsvoða:

- a) $\frac{5}{6}$ hluta af tryggingarhæfu verði húsa í kaupstöðum öðrum en Reykjavík, og verslunastöðum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri. Vátrygði ber sjálfur áhættuna að $\frac{1}{6}$ hluta.

- 3
16. jan. b) $\frac{5}{6}$ hluta af tryggingarhæfu verði lausafjármuna í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem um ræðir í staflíð a) og í Reykjavík. Vátrygði ber sjálfur áhættuna að $\frac{1}{6}$ hluta.

Sveitarfjlagið, sem húseignirnar og munirnir eru í, tekur þátt í áhættunni við tryggingar þær, sem um ræðir í staflíð a) og b) að $\frac{1}{6}$ hluta virðingarverðs. Þó tekur það engan þátt í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygður kann að verða, og þá ekki meira en 10,000 kr. af hverri hústrygging og 6,000 kr. af hverri lausafjártrygging. Skal skylt að vátryggja í fjelaginu allar húseignir og byggingar á stöðum þeim, sem umræðir í staflíð a), að undanskildum húseignum landssjóðs, enda eiga íbúar á þessum stöðum rjett á að fá lausafje sitt trygt í fjelaginu með skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum 3. nóvbr. 1915 og reglugjörð þessari.

- c) $\frac{2}{3}$ hluta af tryggingarhæfu verði húseigna og lausafjármuna utan Reykjavíkur, sem hvorki falla undir staflíð a) eða b) nje eru tryggingarskyld í brunabótasjóði sveitarfjelags samkv. l. nr. 26, 20. okt. 1905¹⁾, nema stjórnarráðið samþykki, en sveitarfjlagið tekur engan þátt í ábyrgðinni, Vátrygði ber sjálfur áhættuna að $\frac{1}{3}$ hluta.

7. gr.

Þann hluta af áhættunni, sem eigandi húseigna eða lausafjármuna ber sjálfur samkvæmt 6. gr., er bannað að vátryggja gegn eldsvoða í nokkurri stofnun innan lands eða utan.

8. gr.

Auk þess sem segir í 6. gr. tekur fjlagið að sjer að vátryggja gegn eldsvoða húsi í smíðum á þeim stöðum, sem um ræðir í 6. gr. staflíð a)

Slíkar tryggingar falla ekki undir hina gagnkvæmu ábyrgð og eigandi húsi í smíðum skoðast ekki fjlagi fyr en húsið er fullgjört og vátrygt að aflokinni venjulegri brunabótavirðingu.

9. gr.

Í reglugjörð þessari er *hús* talið hverskonar bygging, hvort sem ætlað er til íbúðar, iðnaðarreksturs, geymslu eða annara afnota. Þó má undanþyggja skyldu-vátryggingu kofa, sem standa einir sjer og virðingarmenn telja minna virði en 100 krónur.

¹⁾ 4. gr. laganna. 1. málsgrein hljóðar svo:

„Skyldu-ábyrgð hvílir á öllum íbúðarhúsum, sem liggja utan kaupþúna, úr hverju efni sem þau eru bygd, og geymsluhúsum sem þeim eru áföst, þó svo, að virðingarverð húsa eða húsaþyrpinga, sem í sameiginlegri brunahættu eru, fari eigi fram úr 6,000 kr.“

Þetta á auðvitað eingöngu við á þeim stöðum, sem stofnaðir hafa verið brunabótasjóðir með heimild laganna.

Um iðgjöld.

10. gr.

Iðgjöld þau, er með þarf til að standa straum af útgjöldum fjelagsins, skulu ákveðin í flokkunarreglum, sem stjórnarráðið setur. Skulu þau ákveðin í rjettu hlutfalli við þá áhættu, sem hver trygging bakar fjelaginu.

11. gr.

Iðgjöldin skulu greiðast aðalskrifstofu fjelagsins í Reykjavík eða umboðsmönnum þess annarsstaðar og teljast þau fallin í gjalddaga í byrjun tímabils þess, sem þau eru talin fyrir.

12. gr.

Sjerhverjum fjelaga er skylt að greiða aukaiðgjald, sem ákveðið kann að verða samkvæmt 14. gr. Iðgjöldin hvíla á húseignum þeim, er trygðar eru í fjelaginu og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til landssjóðs.

Öll iðgjöld til fjelagsins og virðingargjöld má heimta með lögtaki.

13. gr.

Enga byggingu má flla úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sje eigi greitt.

14. gr.

Ef það kemur fram við uppgjörð ársreikninga, að tekjur ársins hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal það er á vantar tekið úr varasjóði. Ef það sem á vantar, nemur svo miklu, að varasjóður við það lækkar niður úr lágmarki því, sem sett er í 15. gr, leggur landssjóður fram það, sem á vantar, alt að 800 þúsund krónum. Nú nemur fje það, sem lagt hefir verið fram af landssjóði, meiru en 50,000 krónum og skal þá fjelagið gjöra fjelögum að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,000 kr. endurgreiðist landssjóði á 10 áruin í seinasta lagi, ef hægt er, en ávalt skal þess gætt, að aukaiðgjald sje eigi hærra neitt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í tryggingarskirteininu. Aukaniðurjöfnun fer þó því aðeins fram, að það, sem á vantar, nemi meiru en 10% af allri iðgjaldafólgu fyrir síðastliðið ár. Aukaiðgjald ber öllum fjelögum að greiða og reiknast það eftir mælikvarða þeim, sem ákveðinn er í flokkunarreglunum. Niðurjöfnun framkvæmdarstjórnar fjelagsins á aukaiðgjöldum verður eigi á neinn hátt hrundið. Ákvæði 12., 13, og 14. gr. ná einnig til aukaiðgjalda.

16. jan.

15. gr.

Til þess að standa straum af óvæntum útgjöldum, skal mynda varasjóð, er nemi 1% af allri upphæð þeirri, er fjelagið ábyrgist, án þess að frá sjeu dregnar endurtrygðar upphæðir. Varasjóður þessi skal myndast á eigi skemri tíma en 20 árum og skal árlega leggja í hann eigi minna en $\frac{1}{20}$ hluta af framangreindri upphæð eins og hún er á hverju ári.

Varasjóð skal ávaxta á þann hátt, sem framkvæmdarstjórn fjelagsins og stjórnarráðið ákveða, og má alrei verja honum til nokkurs, sem eigi stendur í sambandi við markmið fjelagsins.

Um endurtryggingu.

16. gr.

Framkvæmdarstjórn fjelagsins getur látið endurtryggja svo mikinn hluta hverrar tryggingar, sem hún álitur heppilegt til hagsmuna fyrir fjelagið.

Ef slík endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum að dómi stjórnarráðsins og framkvæmdarstjórnar fjelagsins, skal fjelagið endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum það, sem einstakar váttryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

- A. Með hluttöku sveitafjelags í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsapýrpingu í sameiginlegri brunahættu, 10,000 kr. og lausafjártrygging 6,000 kr.
- B. Án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húseign 7,500 kr. og lausafjártrygging 4,500 kr.

Greind endurtrygging breytir eigi á neinu hátt afstöðu fjelaganna til fjelagsins eða innbyrðis.

Um upptöku í fjelagið og virðingar.

17. gr.

Sjerhver eigandi húsa og lausafjármuna á rjett á að fá það trygt í fjelaginu, ef fellur undir hús þau og lausafjármuni, sem fjelagið tekur í tryggingu samkvæmt 6. gr, hús, þó því að eins að þau sjeu tryggilega útbúin gegn eldsvoða samkvæmt löggjöf þeirri, er gildir um það efni á hverjum tíma, og önnur ákvæði reglugerðar þessarar eru því eigi til fyrirstöðu, og lausafjármuni því að eins, að þeir sjeu í slíkum húsum og fullnægt sje öðrum ákvæðum, sem sett eru sjerstaklega um lausafjártryggingar.

Ef notanda húss er skylt að endurbyggja húsið er það brennur, getur hann á sama hátt og með sömu skilyrðum fengið hús váttrygt í fjelaginu, ef það

er eigi þegar áður trygt af eiganda þess. Ef hlutaðeigandi notandi fullnægir eigi skyldu sinni við eiganda til að endurbyggja húsið ef það brennur, á eigandi rjett á að koma í stað hans að því er snertir notkun brunabótarupphæðarinnar og greiðslu hennar. 3
16. jan.

18. gr.

Fjelagið getur neitað að taka hús eða muni í ábyrgð af sjerhverjum þeim, sem staðinn hefir verið að váttryggingarsvikum eða að því að hafa orsakað eldsvoða af ásettu ráði eða af stórkostlegu hirðuleysi; svo getur það og neitað ábyrgð, sem af öðrum ástæðum er talið ósamrýmanlegt hag fjelagsins að taka. Tryggingarbeiðandi getur skotið máli sínu til úrskurðar stjórnarráðsins, ef hann telur eigi nægar ástæður fyrir hendi til að neita tryggingu.

Öll ákvæði reglugerðar þessarar um hús gilda einnig um alt annað, sem váttrygt er ásamt húsum og, að svo miklu leyti sem þau eiga við, um lausafjármuni, nema annað sje sjerstaklega ákveðið.

19. gr.

Eigi verður þess krafist að fjelagið taki í ábyrgð neina einstaka áhættu, hús og lausafje, hærra en 110,000 kr. Til sömu áhættu telst hús eða húsáþyrping, sem stendur á sama stað, einn eigandi er að og veðsett er í einu lagi fyrir öllum veðskuldum, sem á húsinu eða húsáþyrpingunni hvila. Hjer má þó taka undan hús, sem liggja meira en 30 m. frá aðalbyggingunni og ætluð eru til sjerstakra afnota.

Ef virðingarverð einhverrar einstakrar áhættu nemur meiru en þessari upphæð, skal þó heimilt að váttryggja það, sem fram yfir er, annarsstaðar, að áskildu því að váttrygði beri jafnan sjálfur þann hluta áhættunnar, sem honum er ætlað að bera samkvæmt 6. gr.

20. gr.

Hús, þar sem rekin er atvinna eða iðn, sem sjerstaklega mikil eldhætta stafar af, verður eigi krafist að fjelagið taki í ábyrgð fyrir meiru en $\frac{3}{5}$ af virðingarverði. En heimilt er framkvæmdarstjórn fjelagsins að taka slík hús í ábyrgð sem önnur hús.

Váttryggja má annarsstaðar þann hluta virðingarverðs, sem eigi fæst váttrygður í fjelaginu samkvæmt þessari grein, að því áskildu, að váttrygði beri jafnan sjálfur þann hluta áhættunnar, sem honum er ætlað að bera samkvæmt 6. gr.

21. gr.

Hús skulu jafnan tekin í fjelagið með virðingarverði. Þó er hægt að tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda eða annara hlutaðeigenda með samþykki eiganda, en slíkt hús skal þá tekið í fjelagið á venjulegan hátt innan 1 mánaðar frá því að hússmíðinni er lokið, eða húsið hefir verið tekið til notkunar að nokkru eða öllu leyti.

16 jan.

Nú vill einhver tryggja hús í fjelaginu eða hefir lokið smíði á húsi, sem vátryggingarskylt er, skal hann þá snúa sjer skriflega til umboðsmanns fjelagsins á staðnum eða, á þeim stöðum þar sem enginn umboðsmaður er, næsta umboðsmanns eða aðalskrifstofu fjelagsins í Reykjavík. Umboðsmaðurinn ákveður þegar stað og stundu er virðingin skuli fara fram og ritar það á beiðnina ásamt nöfnum virðingarmanna þeirra, er framkvæma eiga virðinguna. Vátryggingarbeiðandi eða umboðsmaður fjelagsins, ef dráttur verður af hálfu vátrygða, sjer því næst um að virðingarmönnum verði tilkynt að virðingin eigi fram að fara, svo og stað og stundu. Síðan fer virðingin fram samkvæmt reglugjörð þessari.

Ef virðingamaður kemur eigi til virðingar, sem löglega hefir verið ákveðin og birt honum, skal hann sæta sektum frá 5—200 krónum, nema hann hafi haft forföll, sem framkvæmdarstjórn fjelagsins telur lögleg.

23. gr.

Virðingar skal jafnan framkvæma af tveim virðingarmönnum að viðstöddum umboðsmanni fjelagsins. Skal annar virðingarmanna tilnefndur af sveitarstjórn eða bæjarstjórn á hverjum stað, en hinn af framkvæmdarstjórn fjelagsins.

24. gr.

Sveitarstjórnir og bæjarstjórnir kjósa virðingarmann til 4 ára í senn og annan til vara jafnlangan tíma. Á sama hátt útnefdir framkvæmdarstjórn fjelagsins virðingarmann til 4 ára í senn og annan til vara. Varamenn taka þátt í virðingu í forföllum aðalmanns þ. á m. ef hann er óhæfur virðingarmaður í einhverju tilfelli. Óhæfur telst virðingarmaður auk þess er hann er eigandi að eign þeirri, er virða á, að nokkru eða öllu leyti, ef hann er náskyldur eða ná tengdur eiganda, eða, ef hann er eða hefir verið verksali eða efnissali að hús eign þeirri, er virða á.

Kosning virðingarmanna fer fram fyrir 1. nóvember næstan á undan áramótum þeim, er þeir skulu byrja starf sitt.

Virðingarmenn skulu hafa þekkingu á húsasmíði og verði á byggingar-efnum og verkalaunum.

Enginn getur skorast undan að taka við kosningu sem virðingarmaður, ef hann hefir eigi náð 60 ára aldri og hefir eigi starfað sem virðingarmaður undanfarin 4 ár.

Ef sveitarstjórn eða bæjarstjórn lætur undan fallast að kjósa virðingarmenn á fyrsta fundi sínum eftir 1. nóvember eða eftir að umboðsmaður fjelagsins hefir á hana skorað að kjósa virðingarmenn, er rjett að framkvæmdarstjórn fjelagsins útnefni alla virðingarmenn, bæði aðalmenn og varamenn.

Virðingarmenn skrifa undir eiðspjall áður en þeir byrja starf sitt.

25. gr.

3

16. jan.

Rita skal allar virðingar á hverjum stað i sjerstaka bók, sem stjórnarráðið löggildir og skulu virðingarmenn og umboðsmaður fjelagsins rita nöfn sin undir hverja virðingu.

Vátryggingarbeiðanda skal skylt að leggja fram til leiðbeiningar við virðinguna allar áætlanir, reikninga og annað þess háttar, sem hann hefir og upplýst getur um verðmæti þess, sem virða á.

Skylt skal virðingamönnum að geta þess i virðingargjörð, sem þeir hafa orðið varir við og eykur eldshættu umfram venju, hvort sem það stafar frá byggingunni sjálfri, notkun hennar eða eldshættu i nágreppi við hana.

I virðingargjörðinni skulu virðingarmenn lýsa yfir því, að virðingin sje framkvæmd eftir bestu sannfæringu samkvæmt eidi þeim, er þeir hafa unnið og samkvæmt ákvæðum reglugjörðar þessarar.

Allar virðingarupphæðir á húsum skulu deilanlegar með 10, þannig að upphæðir milli 5 og 10 króna hækki upp i 10 krónur, en upphæð lægri en 5 krónur nemst burtu.

26. gr.

Markmið virðingarinnar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti eignarinnar á þeim tíma, sem virðingin fer fram.

I þessu augnamiði skal i virðingunni lýsa nákvæmlega hverju einstöku húsi. Á grundvelli þeirrar lýsingar skal svo ákveða hvað kosta muni að byggja slíkt hús að nýju á þeim tíma sem virðingin fer fram. Vátryggingarverðið fæst síðan með því að draga frá nýbyggingarupphæðinni hæfilega upphæð fyrir sliti og elli i hlutfalli við aldur hússins og eftir meðferð þess og viðhaldi á því.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hjer segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess i kaupum og solum, tekna er það gefur, rjettinda er því fylgja.

27. gr.

Ef það, sem um ræðir i 56. gr., er vátrygt ásamt með húseign, skal virða það sundurliðað og skal að öðru leyti fylgja framanskráðum reglum um virðinguna.

28. gr.

Vátryggingarverðmæti lausafjármuna svo sem innanstokksmuna, vjela og áhalda, skal ákveða með venjulegu verði á staðnum að frádrögnum hæfilegum hluta fyrir notkun, elli, illu viðhaldi eða öðru því um líku. Vátryggingarverðmæti á vörum, efni, framleiðslu, skepnum, fóðurforða og því um líku skal ákveða samkvæmt almennu markaðsverði.

3

16. jan.

Bæði váttryggingarbeiðandi og fjelagið geta skotið virðingu, sem framkvæmd er samkvæmt reglugjörð þessari, til yfirmats, sem skipað sje 4 mönnum með verklegri þekkingu. Tilnefnir váttryggingarbeiðandi tvo þeirra, en fjelagið tvo. Ef þeir koma sjer eigi saman, kemur til oddamaður, er stjórnarráðið skipar. Kostnað við yfirmatið kostar sá aðilja, sem úrskurður yfirmatsins gengur á móti.

30. gr.

Þegar lokið er virðingu, tekur umboðsmaður fjelagsins við virðingargjörðinni, ritar á hana móttökudag og stund og annast um að hún sje send aðalskrifstofu fjelagsins. Telst eignin váttrygð frá þeirri stundu, sem umboðsmaður fjelagsins tók við virðingargjörðinni. Ef ekkert þykir við virðinguna að athuga, verður þegar gefið út váttryggingarskirteini.

31. gr.

Nú vill einhver tryggja lausafjármuni í fjelaginu og skal hann þá senda um það skriflega beiðni til umboðsmanns fjelagsins á staðnum (í Reykjavík til aðalskrifstofu fjelagsins), eða á þeim stöðum, þar sem enginn umboðsmaður er, til næsta umboðsmanns. Í beiðninni skal geta þess hvar og í hvaða húsum munir þeir eru, sem óskast trygðir. Með beiðninni skal fylgja skrá, undirrituð af váttryggingarbeiðanda, þar sem sundurliðað er lausafje það, sem óskast trygt, eftir flokkum, svo sem húsmunir, áhöld, efni, fódurforði, skepnur o. s. frv. og tiltekið verðmæti hvers flokks, og jafnframt getið að svo miklu leyti, sem því verður við komið, í hverju húsi hver flokkur er geymdur. Þó skal jafnan telja upp nákvæmlega lausafjármuni, sem eru í húsum, sem er sjerstaklega eldhætt. Skartgripir, smiðað gull og silfur og munir, sem hafa sjerstakt vísinda- eða listverðmæti, skulu taldir sjerstaklega, ef óskað er váttryggingar á slíkum einstökum hlut fyrir hærra verð en 200 krónur. Á sama hátt skal telja sjerstaklega aðra óvenju dýrmæta hluti eða skepnur.

Á skrána skal vera ritað vottorð umboðsmanns fjelagsins, um að tryggingarbeiðandi eftir því, sem umboðsmanninum sje best kunnugt, eigi muni þá, sem skráin telur og að álita verði að þeir sjeu að minsta kosti svo verðmætir, sem þeir eru taldir vera á skránni. Tryggingarbeiðandi skal skyldur að semja slíka skrá af fyllstu samvisku og vandvirkni, og ber ábyrgð á því að hún sje rjett. Áður en lausafjármunir eru teknir í ábyrgð, svo og hvenær sem er síðar meðan munirnir eru í ábyrgð, getur fjelagið látið athuga þessar skýrslur tryggingarbeiðanda. Komi það í ljós, að gefnar hafi verið rangar skýrslur, má ónýta váttrygginguna fyrirvaralaust, og eru þá eigi afturkræf iðgjöld þau, er þegar hafa verið greidd.

Við viðbótartryggingu skal og gætt framangreindra ákvæða.

Fjelagið lætur mönnum í tje eyðublöð undir skrár þær, er um ræðir í þessari grein, og skulu notuð þau eyðublöð, nema eigandi óski, að gefa fullkonnari skýrslu.

32. gr.

3

16. jan.

Þegar lausafjártryggingarbeiðni ásamt skrá þeirri, er um ræðir í 31. gr., kemur í hendur umboðsmanni fjelagsins, skal hann þegar rita á hana dag og klukkustund þá, sem hún er móttækin. Því næst athugar hann skrána og gætir þess, að hún sje útbúin svo, sem fyrir er mælt, og sjer um, að leiðrjett sje ef svo er eigi. Því næst ritar hann á hana vottorð sitt samkvæmt 31. gr., og sendir síðan beiðnina ásamt skránni tafarlaust til aðalskrifstofu fjelagsins. Skyldur skal hann að gefa ókeypiss kvittun fyrir móttöku beiðninnar og skrárinnar, ef trygg-
ingarbeiðandi óskar þess.

33. gr.

Framkvæmdarstjórn fjelagsins getur neitað að taka lausafjármuni í trygg-
ingu undir sömu kringumstæðum sem hús, og ef þeir eru í húsi, sem neita má
að taka í tryggingu.

34. gr.

Ef aðalskrifstofan hefir ekkert að athuga við beiðnina og meðfylgjandi
skrá, og vill taka lausafjed í ábyrgð, skal gefið út ábyrgðarskirteini, sem tiltekur
váttryggingarupphæð og iðgjald og teljast munirnir þá váttrygðir frá þeirri stundu
sem beiðnin kom í hendur umboðsmanni.

35. gr.

Fyrir almennar virðingar á einni áhættu til brunabóta, skal váttrygði
greiða, sem hjer segir:

Ef virðingarverð er undir 500 kr.	3 krónur.
— — — er yfir 500 en undir 5000	6 ———
— — — er yfir 5000 en undir 10000	9 ———
— — — er yfir 10000 en undir 25000	12 ———
— — — er yfir 25000	18 ———

Ef virðing stendur lengur en 1 dag, telst ofanskráð gjald fyrir hvern virðingar-
dag. Ef einhver virðing er sjerstaklega erfið er framkvæmdarstjórn fjelagsins
heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana en hjer segir. Virðingargjaldið skift-
ist jafnt milli umboðsmanns fjelagsins og virðingarmanna, að $\frac{1}{3}$ til hvers. Fyrir
yfirmat greiðist tvöfalt gjald það, sem ákveðið er fyrir almenna virðingu.

Virðingargjöld til fjelagsins má heimta með lögtaki.

Um eftirlit og skoðun.

36. gr.

Þegar framkvæmdarstjórnin ákveður það, skal umboðsmaður fjelagsins

3 skoða váttrygð hús, til þess að athuga, hvort ekki beri að lækka upphæðir þær, sem 16. jan. þau eru váttrygð fyrir vegna ástands hússins eða breytinga á kostnaði við húsa-byggingar.

5. hvert ár skal endurskoða verðmæti þeirra föstu muna, sem um ræðir í 56. gr., og ef til kemur lækka váttryggingarupphæð þeirra í fjelaginu.

Kostnað við þessar skoðanir ber fjelagið.

Úrsögn úr fjelaginu.

37. gr.

Húseignir þær, sem váttryggingarskyldar eru í fjelaginu samkv. 6. gr., getur váttrygði ekki sagt úr fjelaginu.

38. gr.

Aðrar húseignir og lausafjármuni má segja úr fjelaginu frá 15. okt. kl. 12 á hádegi að telja, með þriggja mánaða fyrirvara, og gegn því, að váttryggjandi greiði iðgjald sitt til þess tíma er hann fer úr fjelaginu, og sinn hluta af skaðabótum þeim, er á hafa fallið áður, ef þær nema meira en sjóður fjelagsins.

39. gr.

Sjerhverri úrsögn úr fjelaginu skal fylgja:

- a) Váttryggingarskirteini útgefið á nafn þess, sem sendir úrsögnina.
- b) Veðbókarvottorð, ef um hús er að ræða, sem sýni hvort nokkrar veðskuldir hvíla á eigninni og til hverra, eða hvort nokkrir aðrir hafa öðlast rjett til hennar með kaupsamningi, öðru afhendingarskjali, með fjárnámi eða þvíumlíku, svo og hvort áskilið sje í nokkru öðru þinglýstu skjali að húsið eða húsin skuli váttrygð í fjelaginu.

Úrsögnina skal senda umboðsmanni fjelagsins eða aðalskrifstofunni í Reykjavík; skal hún vera undirrituð af váttrygðna í viðurvist tveggja vitundarvotta og skal henni fylgja, ef um hús er að ræða, vottorð fjelags þess er við váttryggingunni tekur, um að húsið eða húsin sjeu váttrygð í því fjelagi fyrir sömu upphæð og í þessu fjelagi, frá þeim degi, sem váttryggingin í þessu fjelægi hættir.

40. gr.

Ef notandi vill segja úr fjelaginu hús, sem hann hefir trygt í því, skal úrsögninni fylgja skriflegt samþykki eiganda.

41. gr.

Peir, sem úr fjelaginu ganga, eiga enga kröfu á hlutdeild í varasjóði fjelagsins.

Yms ákvæði.

3

16. jan.

42. gr.

Hverju sveitafjelagi því, er taka á þátt í áhættu fjelagsins samkvæmt 6. gr., skal færður til tekna á sínum dálki í bókum fjelagsins hluti af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við áhættu þess. Þenna hluta iðgjaldanna ásamt vöxtum, skal fjelagið geyma og fara með sem iðgjaldasjóð er sveitarfjelaði á, og ekki má af taka nema til greiðslu þess, er á sveitarfjelaði kann að koma af brunabótum.

43. gr.

Ef brennur, greiðir fjelaði allar brunabæturnar. Það, sem sveitarfjelaði á að greiða, skal, svo sem til vinst, taka af innieign þess í iðgjaldasjóði, en hrökkvi inneignin ekki til, skal greiða það, er á vantar, af sveitarsjóði innan misseris. Um endurgreiðslu slíkra upphæða í sveitarsjóð fer eftir 9. og 10. gr. sbr. 20. gr. 1. 3. nóvbr. 1915.

44. gr.

Ef framkvæmdarstjórn fjelagsins óskar þess, eru sveitastjórnir og hreppstjórar skyldir til þess kauplaust, eða gegn venjulegu endurgjaldi að annast virðingar fyrir fjelaði eða aðstoða við þær.

Sveitastjórnir skulu og skyldar ef framkvæmdarstjórn óskar þess, að annast störf þau, er samkvæmt reglugjörð þessari eru ætluð umbodsmanni fjelagsins, þar á meðal innheimtu iðgjalda, og yfirleitt veita framkvæmdarstjórninni aðstoð sína til að gæta hagsmuna fjelagsins kauplaust eða gegn venjulegu endurgjaldi.

45. gr.

Leita skal álits og tillagna sveitarfjelaga þeirra, er hlut taka í ábyrgð, um öll málefni, er mjög eru mikilsverð, og þau atriði, er einkum koma þeim við og eigi eru eingöngu falin framkvæmdarstjórn einni eða í samráði við stjórnarráðið samkvæmt reglugjörð þessari.

46. gr.

Fjelaði hefir á hendi stjórn brunabótasjóðs landssjóðs. Að öðru leyti er enginn fjelagsskapur með fjelaginu og brunabótasjóðs landssjóðs.

47. gr.

Fjelaði hefir á hendi stjórn sameiginlegs brunabótasjóðs fyrir sveitahíbýli, sbr. 1. 20. okt. 1905.

48. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum 5—5000 krónum, er renna í sjóð þann, sem brotið er við. Með mál útaf slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Almenn vátryggingarskilyrði.

Ábyrgð fjelagsins.

49. gr.

Fjelagið tryggir fjelagana, samkvæmt reglugjörðum þess, er gilda á hverjum tíma, gegn öllu beinu tjóni, er þeir verða fyrir við skemdir á hinum vátrygðu eignum, sem orsakast á þann hátt, sem hjer segir:

- 1.) Af eldsvoða, slökkviliðsráðstöfunum, niðurrifi og öðrum ráðstöfunum til að stöðva eldsvoða.
- 2.) Af eldingum þótt eigi verði ikveikja.
- 3.) Af sprengingum eftir reglum þeim, sem hjer fara á eftir:
 1. Ábyrgð fjelagsins nær til:
 - A. Hverskonar brunatjóns, sem verður við sprengingu, og hverskonar sprengitjóns, sem verður við sprengingu, þegar eigi verður það greint frá brunatjóni því, sem orðið hefir við sprenginguna.
 - B. Sjerhvers sprengingartjóns, sem annaðhvort hefir orsakast af eldi eða hefir í för með sjer eld, hvort sem tjónið á orsök sína í hinni vátrygðu eign sjálfri eða fyrir utan hana.
 2. Ábyrgð fjelagsins nær *ekki* til sprengingartjóns, sem orsakast af gufuprýstingi, upphituum vökva og upphituum lofti og lofttegundum.

50. gr.

Fjelagið ber ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, nje heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátrygði, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Fjelagið á auk þess rjett á að draga alt að fjórðung af brunabótunum, er vátrygði hefir út af eldsvodanum verið dæmdur í sekt fyrir brot á brunamála-lögnum eða hann hefir gengist undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

51. gr.

Tjón, sem eigi nemur meira en 30 kr, verður eigi bætt, og sje það meira, skal draga þá upphæð frá brunabótunum. Ef sjerstaklega stendur á, má framkvæmdarstjórnin þó gjöra undantekning frá þessum ákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafar af ráðstöfunum til þess að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er upp kominn.

52. gr.

Fjelagið ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verður á aflvaka (dynamo), raf-

magnsleiðslum og raftækjum, sem tilheyra aflstöð, sem rafmagn er framleitt í eða notað við, þegar tjónið orsakast af of hröðum gangi vjela, of hárrí spennu, straumtenging (Kortslutning) eða öðrum slíkum orsökum, sem rafmagníð sjálft framleiðir. 3 16. jan.

53. gr.

Framkvæmdarstjórn fjelagsins getur í hverju einstöku tilfelli sett sjerstök skilyrði um ábyrgð fyrir iðnaðarfyrirtæki eða aðrar ábyrgðir, sem sjerstök áhætta stafar af.

54. gr.

Takmörkun brunatjóns þess, sem fjelagið ber ábyrgð á, getur breyst innan vjebanda váttryggingarupphæðarinnar, fyrir ákvarðanir, sem stjórnarvöld gjöra með heimild í gildandi lögum um það, að hve miklu leyti sje heimilt að gjöra við byggingu, sem orðið hefir fyrir brunatjóni eða nota þá hluta, sem eftir standa óbrunnir við endurbyggingu. Þó ber fjelagið ekki ábyrgð á því aukatjóni, sem orsakast við að endurbætur eða endurbygging verða eigi framkvæmd vegna gildandi ákvæða um skipulag gatna og bygginga.

Aukinn kostnaður, sem endurbæturnar hafa í för með sjer vegna þá gildandi lagaákvæða eða stjórnarvaldafyrirskipana, heimila ekki neina viðbót við skaðabótaupphæð þá, sem greiða ber samkvæmt stærð tjónsins og váttryggingarupphæðarinnar.

Fjelagið ber ábyrgð á auknu tjóni, sem orsakast af eftirfarandi frosti, regni, hruni eða því um líku, þegar tjónið leiðir beint af eyðileggingarástandi því, er bruninn hefir skapað, og sá, sem fyrir tjóninu hefir orðið, sannar, að það hafi eigi verið á hans valdi að afstýra tjóninu.

Tjón, sem orsakast af húsnæðisleysi, missi leigutekna eða því um líku, felst eigi í ábyrgðinni.

Sömuleiðis viðkemur það eigi fjelaginu að hreinsa til á brunarústunum.

Það, sem fjelagið tekur í ábyrgð.

55. gr.

Fjelagið tekur að sjer með takmörkunum þeim, er um ræðir í 6. gr. reglugjörðar þessarar, ábyrgð á:

- a) Allskonar húsum, sem eru útbúin til varnar eldsvoða, eins og fyrirskipað er í byggingarsamþykktum og brunamálaalögum þeim, er gilda á hverjum tíma, ásamt öllu því múr- og naglföstu, sem venjulega þarf til fullkominnar húsbbyggingar og enn fremur öllum þeim hlutum, tækjum og útbúnaði, sem til

- 3** hússins teljast og er fast tengt við húsið og venja er að telja til húsa — allt
 16. jan. að $\frac{1}{2}$ meter niður fyrir jarðarflöt eða kjallaragólf.
 b) Húsbyggingar í smíðum ásamt byggingarefni á staðnum.

56. gr.

Ef þess er sjerstaklega óskað, tekur fjelagið að sjer að váttryggja ásamt með húsbyggingunni:

- hverskonar girðingar úr timbri, steini, steinsteypu, járni, vir, slökkviáhöld, fánastengur, bátabryggjur og því um líkt, enda sje það nákvæmlega sundurliðað og virt í virðingargjörðinni.
- grunnmúra, sem ganga dýpra en $\frac{1}{2}$ meter niður fyrir jarðarflöt eða kjallaragólf.
- vjelar, gufukatla og innanstokksmuni, sem eru fastir eða erfitt að flytja og yfirleitt slíka hluti, sem telja verður að fylgi húsbyggingunni vegna þess sambands, sem þeir eru settir í við bygginguna eða vegna sjerstakrar notkunar byggingarinnar — þótt þessir hlutir falli eigi undir ákvæði næstu greinar á undan.

Fjelagið getur þó neitað að váttryggja einstaka fasta hluti, og getur sagt upp váttryggingu á þeim, þótt teknir hafi verið í ábyrgð.

Váttrygging á húsi nær til allra hluta hússins, nema þeir sjeu beint undanskildir í virðingargjörð.

57. gr.

Fjelagið tekur alls eigi ábyrgð á:

- húsbyggingum, sem eru óhæfilega útbúnar til varnar gegn eldsvoða samkvæmt gildandi byggingarsamþykktum og brunamálalögum á hverjum tíma.
- húsbyggingum, sem notaðar eru til að búa til, vinna með eða geyma í púður, skotbaðmull, nitroglycerin, dynamit, hvellsilfur eða þessháttar sprengiefni; ef húsbygging, sem váttrygð er hjá fjelaginu, verður tekin til greindrar notkunar, ber að tilkynna það fjelaginu tafarlaust og er ábyrgð fjelagsins þá þegar burtu fallin.
- húsbyggingum, sem liggja nær byggingum þeim, er um ræðir í staflið b), en 200 metra.
- rafmagnalömpum og öðrum slíkum áhöldum til ljósa, svo og rafsuðu- og rafhitunaráhöldum.

58. gr.

Húsbyggingar, sem að eins eru ætlaðar til bráðabirgða á þeim stað, sem þær eru reistar, getur fjelagið neitað að taka í ábyrgð. Ef slíkar byggingar eru teknar í ábyrgð, verður það eigi gjört fyrir hærri upphæð en verðmæti þeirra til niðurrifs.

59. gr.

3
16. jan.

Auk þess, sem ræðir um í greininum hjer á undan, tekur fjelagið að sjer ábyrgð á lausafje, svo sem húsmunum, verkfærum, áhöldum, skepnum, efni, verslunarvörum, fódurbirgðum o. s. frv. og sómuleiðis á skipum og bátum á landi eða á höfn, alt með takmörkunum þeim, sem felast í 6. gr.

60. gr.

Fjelagið tekur alls ekki ábyrgð á verðbrjefum og öðrum skjölum, slegnum peningum, óslegnu gulli og silfri, lausum gimsteinum eða eiginlegum perlum, sprengiefnum, flugeldum, eldfimum kemiskum efnum.

Um iðgjöld.

61. gr.

Öll iðgjöld greiðast fyrirfram (fyrir eitt ár í senn). Eindagi á öllum iðgjöldum er 15. október. Nú eru eignir váttrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt fyrsta váttryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að váttryggingin byrjar, nema váttrygt sje til skemri tíma.

Ef iðgjald hækkar á árinu annaðhvort vegna viðaukabyggingar eða af einhverjum öðrum ástæðum, telst hækkunin frá byrjun þess ársfjórðungs, sem til efni varð til hækkunarinnar.

Á sama hátt telst iðgjald af nýjum váttryggingum, sem koma í fjelagið á árinu.

Ef ástæfa þykir til að lækka iðgjald, telst lækkunin jafnan frá næstkomandi 15. okt.

Ef einhver fjelagi hefir greitt of hátt iðgjald vegna þess, að það hefir verið rangt reiknað, án þess að váttrygða sje um að kenna, verður endurgoldið það, sem of hátt hefir verið reiknað, þegar það kemst upp, þó aldrei fyrir meira en 5 ár aftur í tímann.

Ef á sama hátt hefir verið talið of lágt iðgjaldið, getur fjelagið að eins krafist að fá mismuninn endurgreiddan fyrir síðastliðið ár.

Breytingar á váttryggingum í fjelaginu.

62. gr.

Auk þess, sem segir í 7. gr., er óheimilt að váttryggja hjá öðrum þæt eignir og muni, sem trygt er í fjelaginu.

16. jan.

Allar tryggingar í fjelaginu halda áfram, þangað til þeim er breytt með nýrri tryggingu (vegna viðbótar eða annars) eða þær upphafnar. Tryggingar þær, er um ræðir í 6. gr. staflað a), getur váttrygði eigi upphafið.

64. gr.

Ef váttrygði óskar breytinga á tryggingunni sökum þess, að váttryggingar-upphæðin er ekki lengur rjettur mælikvarði fyrir váttryggingarverðmætinu, vegna þess að verð á efni og verkalaunum hefir breyst, síðan eignin var trygð í fjelaginu, eða vegna breytinga á eigninni eða viðbóta við hana, skal ný virðingar-gjörð fara fram.

65. gr.

Þegar hús eru rifin og byggð upp að nýju að nokkru eða öllu leyti eða gagngerðar breytingar gerðar á því að innan, á útveggjum eða þaki, skal fara fram ný virðing á öllum hlutum hússins eða sjerstaklega á því, sem við hefir verið bætt. Áður en slík virðing hefir farið fram og breytt hefir verið váttryggingunni hjá fjelaginu samkvæmt því, á váttrygði enga kröfu á skadabótum, ef hið nýbyggða brennur.

66. gr.

Ef hús eru rifin að nokkru eða öllu leyti og ekki byggð upp aftur, eða þau eyðileggjast að nokkru eða öllu leyti á þann hátt, að váttrygði á ekki rjett á brunabótum samkvæmt reglugjörð þessari, þá hættir áhætta fjelagsins að svo miklu leyti frá þeirri stundu, er húsið var rifið eða eyðilagt, og getur framkvæmdarstjórn fjelagsins ákveðið, hvort ný lýsing og virðing á því, sem eftir stendur, þurfi fram að fara.

Skylda váttrygða til að greiða iðgjald fyrir hús eða húshluta, sem þannig eru rifnir eða eyðileggjast, fellur burtu frá næsta gjalddaga að telja, svo framranga sem váttrygði tilkynnir áður hina áorðnu breytingu aðalskrifstofu fjelagsins eða umboðsmanni þess.

67. gr.

Ef hús geryðist á einhvern þann hátt, sem gefur rjett til brunabóta samkvæmt reglugjörð þessari, ber ekki að greiða neitt iðgjald af slíkum húsum frá næsta gjalddaga að telja. Á sama hátt færist niður iðgjaldið, þegar að eins er um tjón á nokkrum hluta að ræða.

68. gr.

Ef húseign er skift á milli tveggja eða fleiri eigenda og óskað er sjer-

stakrar váttryggingar á hverjum hluta, skal lýsa hverjum hluta og virða hann á venjulegan hátt og skal þá ónýtt fyrri váttryggingin. 3
16. jan.

Ef aftur á móti hverjum hluta hefir verið lýst og hann virtur áður, þá getur breytingin á váttryggingunni í fleiri sjálfstæðar tryggingar orðið samkvæmt þeim lýsingum og virðingum.

Fjelagið er þó eigi skylt að taka váttryggingu á húsum, sem eigi fullnægja eftir skiftinguna fyrirmælum brunamálalaga og reglugerða um fjarlægð milli sjálfstæðra húseigna.

69. gr.

Ef hlutir þeir, sem váttrygðir eru í fjelaginu samkvæmt 56. gr., eru fluttir úr einni húsbýggingu í aðra í sömu váttryggingu, skal váttrygði tilkynna það skiflega innan 4 vikna aðalskrifstofu fjelagsins eða umboðsmanni þess.

Geri hann það ekki, missir hann rjett sinn til að fá bættan hlut þann, sem fluttur var.

70. gr.

Ef gerðar eru þær breytingar á hinum váttrygðu húseignum eða á starfrækslu þeirri, sem fer fram á váttrygða staðnum, sem leiðir af sjer, að greiða ber hærra iðgjald en áður samkvæmt flokkunarreglum fjelagsins, skal váttrygður skyldur að tilkynna aðalskrifstofunni eða umboðsmanni fjelagsins breytingunna innan 4 vikna frá því að byrjað var á henni.

Ef slík tilkynning er eigi gjörð, skal greiða hið hækkaða iðgjalda á næsta iðgjaldseindaga að viðbættum 25% af því, svo framarlega sem eigi hefir orðið brunatjón af breytingunni. Hafi brunatjón orðið, skal greiða hið hækkaða iðgjald fimmfalt.

71. gr.

Þegar eigendaskifti verða að eign, sem váttrygð er í fjelaginu, skal senda framkvæmdarstjórn fjelagsins tilkynningu um eigendaskiftin innan 1 mánaðar eftir að þau fóru fram.

Ef váttrygði vanrækir að gera slíka tilkynningu, skal hann greiða 50% hærra iðgjald á næsta iðgjaldsdaga eftir að upp komst.

Aftur á móti er ekki nauðsynlegt að tilkynna andlát váttrygða, meðan ekkja hans á hina váttrygðu eign.

72. gr.

Um leið og gerðar eru tilkynningar þær, er um ræðir í 70.—71. gr., svo og þegar aðrar breytingar verða á váttryggingum, skal senda váttryggingarskírteinið með, svo að það geti fengið áritun þá, er með þarf.

Ef ekki hefir verið gefið út váttryggingarskírteini áður, skal það útgefið;

3 hafi skirteini verið gefið út áður, en váttrygði hefir það eigi í höndum, skal hon-
16. jan. um afhent endurrit af því með áritun, ef hann krefst þess.

73. gr.

Ef framkvæmdarstjórn fjelagsins eða umboðsmenn þess álita, að váttrygðar húsbyggingar sjeu orðnar minna virði en váttryggingarupphæðin bendir til vegna elli, ljelegs viðhalds eða af likum ástæðum, skal ný virðing fara fram á venju- legan hátt samkvæmt reglugerð þessari, og færist váttryggingarupphæðin niður í það sanna verð, sem sú virðing sýnir.

Í sjerstökum tilfellum, t. d. þegar húsbygging er notuð til annars en áður var, starfræksla í henni hættir eða því um líkt, má færa niður váttryggingarupp- hæðina, að framkvæmdri nýrri virðingu, og má þá jafnframt breyta ákvæðunum um hlutdeild váttrygða í áhættunni, þannig, að hún verði meiri en umræðir í 6. gr.

Kostnað við virðinguna ber váttrygði, ef váttryggingarupphæðin færist nið- ur; ella ber fjelagið kostnaðinn. Ef bætt er úr orsökum þeim, er valdið hafa nið- urfærslunni, má hækka aftur váttryggingarupphæðina, ef ný virðing sýnir, að verðmæti bygginganna hefir aukist.

74. gr.

Ef það kemur fram við skoðun, að eldfæri, reykháfar, ljós eða aflstöð eða því um líkt, er í því ástandi, að hættulegt er að nota, þá getur sá umboðs- maður eða starfsmaður fjelagsins, sem framkvæmir skoðunina, bannað að nota þessi tæki, þangað til bætt hefir verið úr því, sem að er. Jafnframt skal hann gefa framkvæmdarstjórn fjelagsins skýrslu um málið, og ákveður hún þá hvort halda skuli fram banninu eða ónýta váttrygginguna. Ef váttrygði brýtur slíkt bann, og af því orsakast eldsvoði, hefir hann fyrirgjört rjetti sínum til bóta fyrir tjón það, sem af því leiðir.

75. gr.

Allir þeir, sem eign eiga trygða í fjelaginu, eru skyldir að gefa umboðs- mönnum eða starfsmönnum fjelagsins greiðan aðgang að því að skoða og virða eignir, sem váttrygðar eru í fjelaginu, er þeir koma í þeim erindum eftir skipun framkvæmdarstjórnar.

Ef slíkum aðgang er neitað, á fjelagið rjett á að ónýta váttrygginguna með eins mánaðar fyrirvara.

76. gr.

Skylt skal að tilkynna umboðsmanni fjelagsins, eða í Reykjavík aðalskrif- stofunni, þegar í stað ef váttrygðir munir eru fluttir frá váttryggingarstaðnum.

Akvörðun brunabóta.

3

16. jan.

77. gr.

Ef tjón hefir orðið, sem fjelaginu er talið skylt að bæta, skal sá, er fyrir tjóninu varð, tilkynna það umboðsmanni fjelagsins eða aðalskrifstofu þess í Reykjavík þegar í stað og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að hann fjekk vitneskju um tjónið.

Ef um lausafjármuni er að ræða, skal tjónþoli ennfremur senda umboðsmanni fjelagsins eða aðalskrifstofu þess í Reykjavík svo fljótt sem unt er, og eigi síðar en innan 4 vikna eftir brunann, brunabótakröfu ásamt skýrslu yfir alt það, sem bjargast hefir, það sem brunnið hefir, týnst hefir og skemst, og sje jafnframt tilgreint verðmæti munanna. Skýrsla þessi skal gefin að viðlögðum drengskap tjónþola.

Ef eigi er gjörð slík tilkynning, skal dregið af brunabótunum frá 10 til 100 krónum, þó aldrei meira en 1% af upphæð bótanna.

Ef engin tilkynning er gjörð innan 1 mánaðar eftir að tjónið varð eða lausafjábótakrafa, hefir sá, er fyrir tjóninu varð, mist allan rjett til brunabóta.

78. gr.

Áður en uppgjörð brunabóta hefir farið fram, má eigi flytja frá brunastaðnum neitt af því, sem falið hefir verið í váttryggingunni, ekki rifa húsvaggi þar sem hættulaust er að láta þá standa, eða yfirleitt gjöra neina þá hreyfingu eða breytingu á því, sem eftir stendur, sem fjelaginu getur orðið tap að.

79. gr.

Sá, sem fyrir tjóni verður, skal sjá um svo fljótt sem unt er eftir að eldurinn er slöktur, að hreinsa til í brunarústum, eða húsum, svo að hægt sje að virða nákvæmlega tjón það, er orðið hefir við brunann. Það hvílir ennfremur á honum sú skylda, að gjöra það, sem í hans valdi stendur, til að varðveita gegn frekara tjóni húshluta eða muni, sem bjargað hefir verið, skemdum eða óskemdum.

Ef tjónþoli, vanrækir að hreinsa til eða varðveita húshluta, vjelar eða muni svo sem hjer var sagt, eða eigi er hreinsað svo vel til, að hægt sje að framkvæma umrædda virðingu, getur fjelagið látið framkvæma það, sem með þarf í þessu efni, á kostnað hans.

80. gr.

Ef tjónþoli, hefir vegna engrar eða ófullnægjandi varðveislu, við hreinsunina eða á annan hátt, gjört eða leyft, nokkrar órjettmætar skemdir á því, sem eftir stóð, þá bætir fjelagið eigi það tjón, sem af því orsakast. Ef burtnumdir hafa verið verðmætir munir, ber að draga frá brunabótaupphæðinni verðmæti munanna, og auk þess alt að 2% af allri brunabótaupphæðinni.

3

81. gr.

16. jan.

Jafnskjótt sem lokið er að hreinsa til í rústunum, sjer fjelagið um að framkvæmd verði virðing sú, sem nauðsynleg er til að ákveða hversu miklu tjónið nemur.

Bætur þær, sem greiða ber, ákveðast eftir hlutfallinu milli brunatjónsins og váttryggingarupphæðarinnar með tilliti til hlutdeildar váttrygða í tjóninu. Váttryggingin getur aldrei orðið til gróða fyrir váttrygða. Því ber að ákveða hið sanna váttryggingarverðmæti hinna váttrygðu eignar, er bruninn varð, áður en byrjað er á sjálfri uppgjörð tjónsins. Með þessu augnamiði skal rannsaka, hvort váttryggingarverðmætið hefir eigi, samkvæmt virðingu þeirri, er fyrir liggur, og skirteini því, sem í gildi er brunadaginn, rýrnað að mun vegna elli, skemda, vanrækslu á viðhaldi, byrjuðu niðurrifi eða vegna líkra orsaka og, ef svo er, skal færa váttryggingarupphæðina niður, svo hún verði í samræmi við hið raunverulega verðmæti.

82. gr.

Ef gjörðar hafa verið breytingar, viðbætur eða umbætur, sem auka verðmæti hinnar trygðu eignar, eftir að hún hefir verið trygd í fjelaginu og eigi nefir verið gætt þessa verðmætisauka með nýrri eða aukinni váttryggingu samkvæmt 65. gr., skal þessu nýja verðmæti haldið utan við ákvörðun brunabótanna og fellur það ekki undir brunabótaskyldu fjelagsins.

Ef verðmætið hefir að eins breyst lítið eitt, skal leggja váttryggingarupphæðina til grundvallar við brunabótavirðinguna.

83. gr.

Algert brunatjón telst það þegar hinar váttrygðu eignir eru algerlega eyðilagðar eða hlutar byggingarinnar að langmestu leyti svo skaddaðir, að þeir verða eigi notaðir til að koma eigninni í samt lag og áður.

Annars telst tjónið tjón að hluta, jafnvel þó löggjöfin banni að gjöra við bygginguna aftur eða endurreisa hana.

84. gr.

Brunatjónið er gjört upp sjerstaklega fyrir hverja einstaka byggingu eða byggingarhluta, sem lýst er í virðingargjörðinni.

Hin rjetta upphæð brunatjónsins er, ef um algjört brunatjón er að ræða, mismunurinn á sönnu váttryggingarverði byggingarinnar er bruninn varð og verðmæti brunaleifanna, og ef um tjón að hluta er að ræða, upphæð sú, sem kostar að gjöra við bygginguna samkvæmt byggingarlagi hennar, tegund og gæðum byggingarefnis áu tillits til þess, að byggingarreglur kynnu að banna að bygt sje á sama hátt aftur eða notuð sjeu samskonar byggingarefni, alt að frádregnu verðmæti brunaleifa þeirra, sem einhvers virði eru.

Þegar virða skal brunaleifar, skal byggja á verðlagi því, sem bygt var á, þegar virt var til váttryggingar; sá, sem tjónið beið, er skyldur að taka við brunaleifunum. 3 16. jan.

85. gr.

Þegar váttryggingarupphæðin er jöfn hinu sanna váttryggingarverðmæti eða hærri, verður brunabótaupphæðin jöfn upphæð brunatjónsins, að frádreginni hlutdeild váttrygða í tjóninu; ef váttryggingarupphæðin er lægri en hið sanna váttryggingarverðmæti, fæst brunabótaupphæðin með því að færa niður upphæð brunatjónsins eftir hlutfallinu milli váttryggingarupphæðar og váttryggingarverðmætis, og draga síðan frá hlutdeild váttrygða í tjóninu.

Þannig skal farið að, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

86. gr.

Fyrir byggingar, sem sannanlegt er að ætlaðar voru til niðurrifs, verða bæturnar aðeins miðaðar við verðmæti byggingarefnisins að frádregnum kostnaði við niðurrif, hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

87. gr.

Ef tjónþoli á samkvæmt lögum, samþykktum eða fyrirframgerðum samningum rjett á að fá flutning eða byggingarefni fyrir lægra verð en venjulegt er eða ókeypis, ber að draga frá brunabótaupphæðinni verðmæti þeirra hlunninda, sem hann hefir af þessu.

88. gr.

Við uppgerð á brunatjóni á húsbyggingu í smíðum, sem hefir verið váttrygð ásamt efni í bygginguna fyrir upphæð, sem váttrygði hefir sjálfur tiltekið, ber þeim, sem tjón bíður, eftir því sem kostur er á, að leggja fram, svo ákveðið verði hið sanna váttryggingarverðmæti þegar bruninn varð, reikninga, kvittanir og eftirrit úr bókum þeirra, sem selt hafa efni, er sýni hve mikið efni hefir verið látið til byggingarinnar og auk þess gefa yfirlýsingar að viðlögðum drengskap og með eiðstilboði um það, hve mikið af efni þessu hafi verið á staðnum, eða sanna á annan ábyggilegan hátt, hvert hafi verið verðmæti byggingarinnar og efnisins. Eftir þeim skýrslum, sem sá er tjónið beið, og starfsmenn við smíði byggingarinnar geta gefið að viðlögðum drengskap og með eiðstilboði um það, hve langt hafi verið komið smíði á byggingunni, ákveða virðingarmennirnir npphæð þá, sem telja ber verkalaun, sem til byggingarinnar hafi gengið. Verðmæti byggingarefnisins að viðbættum flutningskostnaði og verkalaunum mynda hið sanna váttryggingarverðmæti á brunatímanum. Rjett upphæð brunatjónsins er mismunur milli hins sanna váttryggingarverðmætis og verðmætis þeirrar byggingar og efnis, sem eftir stendur, nema ef hið sanna váttryggingarverðmæti reyn-

3 ist hærra en upphæð sú, sem váttrygt er fyrir, þá telst brunatjónið aðeins hlut-
16. jan. fallslega hvort sem um algert tjón eða tjón að hluta er að ræða.

89. gr.

Skylt er tjónþola að gefa allar þær upplýsingar, sem hann getur, um tjónið og orsök þess og að leggja fram allar bækur, reikninga, kvittanir, áætl-
anir, uppdrætti og annað, sem verið getur til leiðbeiningar við virðinguna.

90. gr.

Nú eru lausafjármunir, sem váttrygðir eru í fjelaginu, jafnframt trygðir gegn brunahættu á sjó eða í flutningi, og bætir fjelagið þá einungis það, sem tjónið fer fram úr þeirri upphæð, er flutnings- eða sjóváttryggingarfjelagið hefði átt að greiða, ef engin brunaváttrygging hefði verið.

Um skoðunar- og virðingargjörðir útaf brunatjóni, yfirmat o. fl.

91. gr.

Virðing til að ákveða upphæð brunabóta á húsum og munum, sem váttrygðir eru ásamt húsum, eða til sönnunar um notkun slíkra bóta, skal framkvæma af tveim virðingarmönnum; kýs fjelagið annan, en tjónþoli hinn.

Ef tjónþoli eða sá, sem gætir hagsmuna hans, eigi kýs matsmann sinn innan 48 klukkustunda, frá því á hann var skorað að kjósa, eða ef sá, sem hann kýs, neitar að taka að sjer starfið, þá kýs fjelagið báða virðingarmennina. Um hæfi þeirra gilda ákvæði 24. gr.

Ef virðingarmenn koma sjer eigi saman um virðingarupphæðina, kjósa þeir sjer oddamann. Ef þeir koma sjer heldur eigi saman um oddamann, skal hann útnefndur af hlutaðeigandi dómara.

Virðing þessara manna er fullnáðarúrslit, nema löglega sje óskað yfirmats, sbr. 94. gr., og verður niðurstöðunni ekki hnekt fyrir dómstólunum.

92. gr.

Þegar bygging hefir verið endurreist eða gert við hana, verður hún aftur váttrygd í fjelaginu að lokinni virðingu þeirri, er fram fer til sönnunar notkunar brunabótanna.

93. gr.

Ef tjónþoli óskar að skjóta slíkum virðingum til yfirmats, skal hann tilkynna það fjelaginu innan 72 klukkustunda eftir að lokið var virðingunni.

Á sama hátt getur fjelagið krafist yfirmats innan 72 klukkustunda frá því það hefir fengið eftirrit af virðingargjörðinni í hendur.

94. gr.

Yfirmatsmennirnir skulu ávalt vera helmingi fleiri en þeir, sem framkvæma fyrstu virðingu; um hæfi þeirra gilda sömu reglur sem um hæfi frumvirðingarmanna og kosnir skulu þeir á sama hátt, hálf talan af fjelaginu og hálf talan af tjónþola. Um kosningarfrest og kjör oddamanns skal fara á þann hátt, sem segir í 91. gr.

Þegar yfirmat hefir farið fram, eru það fullgild úrslit, og þeirri niðurstöðu verður eigi hnekt fyrir dómstólunum.

95. gr.

Umboðsmaður fjelagsins annast um að framangreindar virðingar fari fram og sjer um, að til greina komi við ákvörðun virðingarupphæðanna öll atvik og kringumstæður, bæði það, sem er til hagsmuna fjelaginu og það, sem er til hagsmuna tjónþola.

Allar virðingar skulu framkvæmdar með eiðstilboði og virðingarmenn skulu vinna eið að virðingunni, ef krafist verður.

Áður en virðing fer fram, skal umboðsmaður fjelagsins tilkynna tjónþola, hvenær virðingin eigi að fara fram, og að henni lokinni tilkynna honum niðurstöðuna.

96. gr.

Kostnað við virðinguna til að ákveða upphæð brunabóta ber fjelagið; annars ber sá kostnaðinn við virðingar þær, er um ræðir í þessum kafla, sem um virðinguna biður.

97. gr.

Upphæð brunabóta fyrir lausafje skal ákveðin af fjelaginu eftir skýrslu tjónþola, samanborinni við skýrslu þá, er um ræðir í 31. gr.; þó hefir fjelagið frjálssar hendur að lækka bæturnar vegna sjerstakra upplýsinga um sannvirði munanna, sem tjónið hefir lent á, á brunatímanum. Upphæðir þær, sem taldar eru í váttryggingarskirtelninu fyrir hvern flokk muna (sbr. 31. gr.), mynda hver út af fyrir sig takmörk ábyrgðar fjelagsins fyrir muni í þeim flokki, án tillits til hvernig verðmætisskiftingin milli flokkanna hefir verið á brunatímanum og hvernig tjónið skiftist á þá.

Tjónþoli verður að geta sannað hve mikið var fyrir hendi á brunatímanum af vörum, fódurbingðum og þessháttar, sem breytist dag frá degi, með bókum sínum, reikningum, vitnisburðum valinkunnra manna o. s. frv.

98. gr.

Umboðsmaður fjelagsins athugar skýrslu tjónþola og kröfu hans um brunabætur og ef með þarf leitar hann sjer frekari skýrslna og ber sig saman við aðra kunnuga. Skjölín með tillögum sínum sendir hann svo aðalskrifstofu fje-

3 lagsins. Getur hún jafnan, ef hún óskar þess, sent sjerstakan fulltrúa sinn til að 16. jan. rannsaka skýrslur þessar.

Ef ekki fæst samkomulag um brunabæturnar á þeim grundvelli, sem hjer greinir, getur bæði fjelagið og tjónþoli krafist virðingar, og ef til kemur yfirmats, á þeim liðum, sem ósamkomulag er um. Gilda um mót þessi allar sömu reglur, sem settar eru um húsamöt í 91., 93.—96. gr.

Tjónþoli er skyldur að halda skemdum munum gegn því að fá skemdirnar bætтар, en fjelagið getur, ef því finst skemdirnar of hátt metnar, sjálft tekið munina því verði, sem þeir eru virtir.

Fjelaginu er frjálst að greiða brunabætur fyrir lausafje í friðu (in natura) og annast sjálft um að koma skemdum munum í samt lag aftur.

Um notkun brunabóta og greiðslu þeirra.

99. gr.

Bótum fyrir tjón á húsum skal varið til að byggja upp á sama stað eða gjöra við hús það, sem brunnið hefir, nema þegar bannað er með lögum að gjöra við hús, ef um tjón að hluta er að ræða, sbr. 86. gr. Við húsabætur er fjelaginu skylt að tryggja það áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sje varið rjettilega.

Ef brunnin hús verða eigi endurreist á rústunum án þess að þau verði nær húsi eða grunni annars manns en gildandi lög eða reglugjörðir leyfa, þá getur fjelagið eigi haft á móti því, að hið nýja hús sje reist svo langt frá rústunum sem lögskipuð fjarlægð útheimtir.

100. gr.

Þegar óskað er annars að reisa nýtt hús utan við rústirnar, en þó ekki utan við takmörk lóðar þeirrar, sem fylgdi húsum þeim, sem brunnið hafa, skal það liggja undir framkvæmdarstjórnina að ákveða í hverju einstöku tilfelli, hvort það skuli leyft.

101. gr.

Nú er þess óskað að brunabætur sjeu greiddar án skyldu til að byggja upp aftur á sama stað eða til að byggja að nýju utan lóðartakmarka hins brunna húss, eða til að byggja nýtt hús alt öðruvísi eða til annarar notkunar en hið brunna hús, þá þarf til þess fyrst og fremst leyfi veðhafa. Síðan tekur framkvæmdarstjórn fjelagsins ásamt sveitarstjórn, ef sveit er hluttaki í áhættunni, ákvörðun um, hvort slíkt skuli leyft og þá með hverjum frádrætti á brunabótaupphæðinni. Ef um er að ræða útborgun brunabóta án nokkurrar byggingarskyldu, skal jafnan draga frá 15—20% af brunabótaupphæðinni, nema almannahagur heimti að frá sje vikið.

102. gr.

Sú skylda hvílir á tjónþola að sanna með skoðunar- og virðingargjörð, sem framkvæmd sje undir umsjón umboðsmanns fjelagsins, að hús þau, er skemst hafa að nokkru eða öllu leyti, hafi fengið viðgjörð eða verið endurreist samkvæmt ákvæðum framanskráðra greina.

Ef bætur fyrir tjón að hluta nema minna en 400 krónum, getur einfalt vottorð umboðsmanns fjelagsins eða tveggja virðingarmanna komið í stað skoðunar- og virðingargjörðar.

103. gr.

Ef það kemur í ljós við slíka skoðunar- og virðingargjörð, að veggir, sem í virðingargjörð þeirri, er framkvæmd hefir verið til að ákveða upphæð brunabóta, hafa verið virtir til niðurrifs, hafa samt verið notaðir í bygginguna eða vjelar eða aðrir hlutir, sem þá voru virtir sem ónothæfir, hafa samt með viðgjörð verið gjörðir nothæfir, eða viðgjörð eða endurbygging hinna skemdu eða gjöreýðilögðu húsa eða hluta hefir kostað minna en gjört var ráð fyrir í umræddri virðingargjörð, þá skal í fyrnefndu tilfelli draga frá brunabótunum það, sem brunaleyfarnar hafa sannanlega verið meira virði og í hinu síðarnefnda ber að eins að borga þá upphæð, sem sannað er að notuð hafi verið til endurtryggingarinnar.

104. gr.

Ef hús aftur á móti hafa verið bætt og bygð gagnstætt ákvæðum 99. gr., er hlutadeigandi skyldur, ef hann vill fá greiddar bætunarnar að gjöra þær breytingar á húsunum, sem með þarf til þess að bætunarnar verði notaðar samkvæmt nefndum ákvæðum, nema leyfi fáið samkvæmt 101. gr. til að láta þær standa óhaggaðar.

105. gr.

Brunabætur verða eigi greiddar fyrr en haldin hefir verið rjettarrannsókn útaf brunanum; þó getur framkvæmdarstjórn fjelagsins gjört undantekningu frá þessu, er tjónið eigi nemur meiru en 500 krónum.

106. gr.

Engar brunabætur fást greiddar fyr en tjónþoli hefir lagt fyrir framkvæmdarstjórn fjelagsins sönnunargögn þau, er um ræðir í 102. gr., annaðhvort fyrir öllu tjóninu eða tjóni á einstökum hlutum vátryggingarinnar. Hann skal og ef krafist verður leggja fram eftirrit af rjettarrannsókn þeirri, er fram hefir farið út af brunanum.

Þegar framkvæmdarstjórnin hefir fengið gögn þessi í hendur, skal hún, eigi síðar en tveim vikum þar á eftir, gera ráðstafanir til greiðslu brunabótaupphæðarinnar, ef eigi er neitt til fyrirstöðu greiðslunni samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar. Greiðslustaður brunabóta er aðalskrifstofa fjelagsins í Reykjavík.

16. jan.

Aður en gjalddagi er kominn samkvæmt framansögðu, getur tjónþoli að jafnaði, er hann óskar þess, fengið fyrirfram greiddar alt að helmingi brunabótanna gegn því að setja fullnægjandi tryggingu fyrir notkun upphæðarinnar og greiða 5% ársvexti af hinni greiddu upphæð frá greiðsludegi til fyrgreinds gjalddaga.

Ef mál er höfðað gegn tjónþola af hálfu hins opinbera útaf atburði þeim, sem hann byggir brunabótakröfu sína á, eða vegna brots á brunamálaáögnum, sem upplýst hefir verið við rjettarrannsóknina, eða ef fram kemur að húsin hafi verið bygð upp gagnstætt framanskráðum ákvæðum, á hann enga kröfu á greiðslu brunabóta fyr en tveim vikum eftir að sannað er fyrir framkvæmdarstjórn fjelagsins, að hann sje sýknaður af ákærunum með fullnaðardómi eða að framkvæmdarstjórnin vill fallast á að við svo búid megi standa, þegar um ræðir brot á framangreindum ákvæðum.

108. gr.

Um leið og brunabætur eru greiddar, eignast fjelagið sjálfkrafa allar þær kröfur, sem vátrygður kann að hafa á hendur öðrum en því, um bætur fyrir hið vátrygða, alt að þeirri upphæð er brunabótunum nemur.

109. gr.

Eigi verður lagt löghald á brunabótaupphæðina nje gjört fjarnám í henni, nema ásamt með eigninni sjálfri.

110. gr.

Þegar eignir þær, sem trygðar eru hjá fjeleginu, eru veðsettar, nær veðrjetturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rjetti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra svo sem með þarf til að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

111. gr.

Ef eigi hefir verið færð sönnun sú, er um ræðir í 102. gr. innan 3 ára frá brunanum, missir tjónþoli allar kröfur til brunabóta hjá fjelaginu eða ef gert hefir verið við eða endurreist að eins að nokkrum hluta, þá missir hann kröfu til þess hluta bótanna, sem ónotaður er talinn.

Frádráttur á brunabótum.

112. gr.

Fjelagið getur dregið alt að fjórðung af brunabótum, ef vátryggjandi

eða kona hans, sem er í sambúð með honum, hefir útaf eldsvoðanum verið **3**
dæmd í sekt fyrir brot gegn brunamálalögum, eða hann eða hún hafa gengist 16. jan.
undir það sjálfviljug að greiða slíka sekt.

113. gr.

Ef bann það, sem um ræðir í 74. gr., hefir verið brotið á síðustu 12 klukkustundum, áður en eldurinn kom upp, má draga alt að $\frac{1}{5}$ af brunabótunum, þótt eigi sannist, að vanræksla á að hlýða banninu, hafi orsakað eldsvoðann, þegar eigi er sannað, að eldsvoðinu hafi orsakast af öðrum ástæðum.

114. gr.

Sama frádrátt má gera, þegar tjónþoli:

1. hefir vanrækt að gera það, sem með þurfti til að slökkva eldinn eða stöðva hann eða með ástæðulausri breytni sinni meðan á slökkvitalraununum stóð eða eftir að þeim vær lokið, hefir orðið þess valdandi, að tjónið hefir aukist,
2. hefir gefið ranga skýrslu um verðmæti hins váttrygða eða upphæð tjónsins eða
3. með röngum skýrslum eða þögn um það, sem honum var skylt að skýra frá, hefir hindrað rannsókn til upplýsinga um orsök eldsvoðans eða stærð tjónsins.

Þetta nær og til þess, ef tjónþoli gagnstætt skyldu sinni hefir stuðlað að misfellum þeim, sem um ræðir í tölulið 1—3.

Í stjórnarráði Íslands, 16. janúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Flokkunarreglur og iðgjaldtaxti

4
16. jan.

Brunabótafjelags Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands, eru hjermeð settar eftirfarandi flokkunarreglur og iðgjaldtaxti fyrir fjelagið.